

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 25. nóvember 2025

2509308SA APS/ps

Málalykill: 12.05

**Efni: Samband íslenskra sveitarfélaga tekur við söfnun fjárhagsáætlana
sveitarfélaga 2026**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur í samstarfi við Hagstofu Íslands, innviðaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið unnið að endurhönnun Upplýsingaveitu sveitarfélaga til að styðja enn frekar við sveitarfélög landsins við að standa við fjárhagsleg markmið sín.

Upplýsingaveitan er sameiginlegur gagnagrunnur framangreindra aðila með fjárhagsupplýsingum sem sveitarfélögum er skylt að skila til opinberra aðila í samræmi við lög og reglur. Er þar m.a. átt við upplýsingar um rekstur og fjárhag sveitarfélaga í samræmi við kröfur um færslu bókhalds auk framsetningar og skila á fjárhagsáætlunum og ársreikningum sveitarfélaga.

Meginmarkmið endurhönnunar upplýsingaveitunnar er að auka sjálfvirknivæðingu á skilum fjárhagsupplýsinga sveitarfélaga, bæta gæði fjárhagsupplýsinga og auka samanburðarhæfni þeirra. Um leið er stefnt að aukinni skilátíðni og bættri endurgjöf til sveitarfélaga en m.a. verða hönnuð mælaborð fyrir sveitarfélögin til að bera saman eigin fjárhagsáætlanir við sinn rekstur sem og að bera eigin rekstur saman við rekstur annarra sveitarfélaga.

Fyrsta skrefið í endurhönnuninni er stigið nú strax með því að **Samband íslenskra sveitarfélaga taki yfir söfnun fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árið 2026, næstu þriggja ára þar á eftir sem og útgönguspá fyrir 2025.**


Hluti af endurhönnun upplýsingaveitunnar er að sveitarfélög hafi möguleika á að skila fjárhagsáætlunum sínum beint í gegnum vefþjónustur, t.d. í gegnum fjárhagsáætlanalíkön endurskoðunarfyrirtækja, eða með öðrum áætlunarskjölum (t.d. Excel skjölum) eftir því sem hentar hverju og einu sveitarfélagi. **Nánari leiðbeiningar verða sendar sveitarfélögum innan skamms.**

Samband íslenskra sveitarfélaga tekur yfir vistun á Upplýsingaveitu sveitarfélaga

Samhliða þessu er stefnt að því að færa söfnun fjárhagsupplýsinga sveitarfélaga alfarið frá Hagstofu Íslands til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem þar með mun taka alfarið yfir rekstur og vistun Upplýsingaveitu sveitarfélaga. Jafnframt er unnið að heildarendurskoðun á því regluverki sem snýr að færslu bókhalds, framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga en mikil þörf er á því að endurskoða og samræma ákvæði laga og reglugerða þar að lútandi. Markmiðið með þeirri endurskoðun er að auka samanburðarhæfni, gagnsæi og áreiðanleika

gagnanna ásamt því að tryggja að framsetning fjárhagsupplýsinga sýni samræmda mynd af rekstri sveitarfélaga. Það starfsfólk sveitarfélaga sem sinnir fjármálum þeirra hefur komið myndarlega að þessari vinnu enda þekking þeirra og reynsla gríðarlega mikilvæg í slíku endurmati og breytingum.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri